

Ísafjarðarbær  
B.t. skipulagsfulltrúa  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

VERKNÚMÉR: DAGS.: NR.:  
85043-024 2024-06-07 1

## Skipulagsgerð vegna jarðstrengs Mjólkár línu 2 við Mjólkár virkjun

Landsnet vinnur að undirbúningi lagningar jarðstrengs Mjólkár línu 2 frá tengivirki við Mjólkár virkjun. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Í gildi er deiliskipulagið *Mjólkár virkjun* sem var samþykkt 15. apríl 2010. Deiliskipulaginu hefur tvisvar verið breytt m.a. að beiðni Landsnets vegna tengivirkisins við Mjólkár virkjun. Sú breyting tók gildi 24. maí 2023 en þar er gert ráð fyrir að strengur Mjólkár línu 2 liggi til vesturs frá tengivirkinu. Orkubú Vestfjarða, sem er landeigandi, hefur óskað eftir því við Landsnet að lagnaleiðinni verði breytt þannig að strengurinn liggi til norðurs frá tengivirkinu og sveigi til vesturs norðan við nyrstu byggingar virkjunarinnar. Þar þverar strengurinn Vestfjarðarveg sem er óbreytt miðað við fyrri áform.

Færsla strengsins er í samræmi við gildandi aðalskipulag en hún kallar á breytingu á gildandi deiliskipulagi. Tilgangur skipulagsbreytingar er að færa lagnaleið Mjólkár línu 2 til að rýma til fyrir annarri starfsemi landeiganda.

Fyrir hönd Landsnets er óskað eftir heimild til að vinna breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Mjólkár virkjun og í framhaldinu verði meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekin til meðferðar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Virðingarfyllt, f.h. Landsnets  
Erla Bryndís Kristjánsdóttir